

Mánudaginn 1. nóvember 1948.

Nr. 13/1948. Þorbjörn Albert Guðmundur Þorbjörnsson
(Hrl. Gunnar Þorsteinsson)
gegn

Guðrúnu Valdimarsdóttur
(Hrl. Ragnar Jónsson).

Setudómari hrl. Einar B. Guðmundsson
í stað hrd. Jóns Ásbjörnssonar.

Barnsfaðernismál.

Dómur hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til hæstaréttar með stefnu 7. febrúar 1948, að fengnu áfrýjunarleyfi 3. s. m. Krefst hann aðallega sýknu af kröfum stefnda í málinu, en til vara, að úrslit málsins verði látin velta á synjunareiði hans. Svo krefst hann og málskostnaðar úr hendi stefnda bæði í héraði og fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefndi, sem fengið hefur gjafvarnarleyfi hér fyrir dómi, krefst aðallega staðfestingar hins áfrýjaða dóms, en til vara, að henni verði dæmdur fyllingareiður. Hún krefst og málskostnaðar af áfrýjanda fyrir hæstarétti, eins og málið væri ekki gjafvarnarmál.

Með skirskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Eftir þessum málsúrslitum þykir rétt, að áfrýjandi greiði stefnda málskostnað fyrir hæstarétti, kr. 400.00, er renni til skipaðs talsmanns hennar.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi Þorbjörn Albert Guðmundur Þorbjörnsson greiði stefnda Guðrúnu Valdimarsdóttur málskostnað fyrir hæstarétti, kr. 400.00, er renni til skipaðs talsmanns stefnda, Ragnars Jónssonar hæstaréttarlögmanns.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 29. ágúst 1947.

Ár 1947, föstudaginn 29. ágúst, var í bæjarþingi Reykjavíkur, sem haldið var í skrifstofu sakadómara af Þórði Björnssyni, settum sakadómara, upp kveðinn dómur í barnsfaðernismálinu nr. 8/1947: Guðrún Valdimarsdóttir gegn Þorbirni Albert Guðmundi Þorbjörnssyni, sem tekið var til dóms hinn 28. sama mánaðar.

Hinn 10. maí síðastliðinn ól kærandi Guðrún Valdimarsdóttir, Bústaðahverfi 3, óskilgetið fullburða meybarn, sem enn er óskirt. Föður að barni þessu lýsir hún kærða Þorbjörn Albert Guðmund Þorbjörnsson bifreiðarstjóra, Ægissíðu 109 hér í bæ, en hann hefur eigi viljað við faðernið kannast. Hefur kærandi því höfðað mál þetta gegn honum og krafist, að hann verði dæmdur faðir barnsins, til að greiða meðlag með því, barnsfararkostnað og styrk fyrir og eftir barnsburð samkvæmt yfirvaldsúrskurði og málskostnað að skaðlausu. Til vara krefst hún fyllingareiðs. Kærði hefur hins vegar krafist sýknu.

Kærandi og kærði eru sammála um, að þau hafi haft samfarir saman sumarið 1946. Kærandi heldur því fram, að þau hafi kynnt seinustu vikuna í júnimánuði s. l. sumar í Alþýðuhúsinu, og tveim til þrem kvöldum síðar hafi þau haft fyrst samfarir saman á heimili kærða og eftir þetta hafi þau alloft haft samfarir saman, þangað til seinni partinn í september 1946, að þau hættu að vera saman, en upp úr kunningsskap þeirra hafi slitnað vegna þess, að hún hafi frétt að kærði hafi verið farinn að vera með öðrum stúlkum. Síðustu samfarir þeirri segir hún þau hafi haft síðast í september 1946. Kærandi segir, að hún hafi haft tíðir tvisvar eða þrisvar eftir að hún varð barnshafandi, en lækni hafi hún ekki vitjað, þótt henni hafi verið kunnugt um þunga sinn, enda hafi hún átt vanda til að hafa óreglulegar tíðir. Hún segist hafa vitað, að hún var þunguð, vegna þess að hún hafi verið lasin, haft uppköst og legið við yfirliði.

Kærði kveður aftur á móti, að hann hafi fyrst hitt kæranda seinni partinn í maí 1946 og samfarir hafi þau byrjað að hafa saman skömmu eftir að þau hafi kynnt, sama eða næsta kvöld á eftir. Þau hafi verið saman fram undir mánaðamót júní—júlí og síðustu samfarir hafi þau haft saman nokkru eftir miðjan júní 1946, en síðar segir hann, að síðustu samfarir þeirra hafi átt sér stað fyrst í júlí sama ár. Kveður hann, að slitnað hafi upp úr kunningsskap þeirra, vegna þess að kærandi hafi farið að vera með öðrum piltum og hefur tilnefnt tvo, er kallaðir séu Leifur og Ási, og telur kæranda hafa haft samfarir við þá báða, en byggir það eingöngu á því, að þau kærandi og kærði hafi haft samfarir saman mjög skömmu eftir að þau kynntust. Hann segist muna greinilega, að hann hafi ekki verið lengur með kæranda, því að fyrri partinn í júlí hafi hann keypt bifreið sína R 1038 og þá hafi hann verið hættur að vera með kæranda. Hún kveður aftur á móti, að þau hafi oft verið saman í nefndri bifreið

og því til styrktar hefur hún tilnefnt vinkonur sínar, eins og siðar verður frá skýrt, og hafi þær verið í bifreiðinni ásamt þeim báðum, en kærði hefur svarað því til, að vel geti verið, að hann hafi ekið þessum stúlkum í bifreiðinni R 1038 sem hver annar leigubifreiðarstjóri. Hefur kærandi haldið því fram í réttarhaldi 18. júlí s. l., eins og ætíð siðar, að eigi sé öðrum en kærða til dreifa um faðerni barnsins, þar eð hún hafi ekki haft samfarir við annan mann á getnaðartíma þess og raunar aldrei haft samfarir við aðra menn. Í sama réttarhaldi leiðréttir hún þó þennan framburð sinn og segist fyrir milligöngu kærða hafa í nóvember 1946 kynnt mann, sem Ási sé kallaður, og einu sinni haft samfarir við hann, en hvenær það var, kvaðst hún í fyrstu ekki muna. Siðar kvað hún það hafa verið seinni partinn í nóvember 1946. Hún neitar því að hafa haft samfarir við fyrrgreindan Leif, sem staðfest hefur þann framburð kæranda.

Vitnið Bára Þorgeirsdóttir, skála 131 á Skólavörðuholti, sem er hálf systir kæranda, kveður hana og kærða hafa verið farin að vera saman í júnímánuði 1946 og þá hafi hann ekið bifreiðinni R 1038, en upp í þá bifreið kveðst vitnið tvisvar hafa komið. Segir það kæranda hafa sagt sér, að hún hefði verið heilar nætur hjá kærða. Um mánaðamótin september og október 1946 kveður vitnið þau hafa hætt að vera saman. Sé því kunnugt um þetta, af því að þá hafi kærandi verið hætt að starfa í Farsóttarhúsinu og um það bil að byrja að vinna í Alþýðuhúsinu Íðnó.

Vitnið Sæbjörg Ingibjörg Hinriksdóttir, skála 12 í Tripoliherbúðum, skýrir svo frá, að það og kærandi hafi verið samstarfsstúlkur í Farsóttarhúsinu hér í bæ síðastliðið haust. Það kveður kærða oft hafa komið að heimsækja kæranda í Farsóttarhúsið og það muni tvisvar sinnum hafa farið í ökuferð með þeim, einhvern tíma s. l. sumar í bifreiðinni R 1038. Segist vitnið muna það greinilega, að kærandi og kærði voru saman að minnsta kosti eitthvað fram í september s. l. haust. Það kveðst oft hafa fylgt með því, þegar það var á næturvakt, hvenær kærandi fór út á kvöldin og hvenær hún kom heim á nóttunni, og sé því kunnugt af þessu, að kærandi var eingöngu með kærða, en engum öðrum mönnum.

Vitnið Svanfríður Jónsdóttir skála 131 á Skólavörðuholti, sem er móðir kæranda, kveðst vita til þess, að hún og kærði hafi verið farin að vera saman um miðjan júlímánuð 1946 og þau hafi oft verið saman í bifreið, en ekki veit það, hvaða bifreið kærði ók. Segist vitnið vita það fyrir vist, að þau kærandi og kærði hafi verið saman til 8. október, því að á þeim degi hafi þeim mæðgunum lent saman í orðasennu, sem fékk talsvert á það, en því var ekki vel við, að dóttir þess færi upp í bifreið til kærða. Kveður kærandi það rétt, að hún hafi lent í orðasennu við móður sína út af kunningsskap sínum við kærða, en getur þess jafnframt, að orðasenna þessi hafi ekki átt sér stað fyrr en nokkru eftir að þau voru hætt að vera saman.

Ásbjörn Magnússon bifreiðarstjóri, Laugavegi 67, skýrir svo frá,

að hann hafi kynnt kæranda fyrir milligöngu kærða seinni partinn í september 1946, en þá hafi þau kærandi og kærði verið saman og hafi hann þá ekið bifreiðinni R 1038. Segist Ásbjörn hafa séð þau tvisvar sinnum saman í september 1946 og þau hafi hætt að vera saman um mánaðamót september og október sama ár. Neitaði Ásbjörn í fyrstu að hafa nokkuru sinni haft samfarir við kæranda, sem segir þær hafa farið fram seinni partinn í nóvember 1946, eins og fyrr getur, í bifreið hans suður á Nýbýlavegi. Síðar breytti hann framburði sinum og kveðst ekki vera öruggur um, hvort hann hafi nokkurn tíma haft samfarir við kæranda og þó sé eins og hann rámi í það.

Hinn 27. júní s. l. voru blóðflokkar málsaðilja og barnsins rannsakaðir í rannsóknarstofu háskólans. Reyndust þeir vera:

	Aðalflokkur	Undirflokkur.
Kærandi	0	M N
Barnið	0	M N
Kærði	A ₁	M

Samkvæmt þessu er ekki unnt að útiloka kærða frá faðerninu.

Samkvæmt framanskráðu verða úrslit málsins þau, að kærði verður dæmdur faðir barnsins, enda hefur hann viðurkennt að hafa haft samfarir við kæranda fyrst í júlímánuði 1946. Að visu hefur kærandi viðurkennt að hafa haft samfarir við annan mann seinni partinn í nóvember, en þar sem það gerðist svo löngum tíma eftir getnaðartíma barnsins, skiptir það ekki máli hér. Ber því að dæma kærða til að greiða meðlag með barninu, fæðingarskostnað og styrk fyrir og eftir barnsburð og málskostnað, er telst hæfilega ákveðinn kr. 200.00.

Um ástæðuna fyrir drætti þeim, sem orðið hefur á rekstri máls þessa, er getið í réttarprófunum og skjölum málsins.

D ó m s o r ð :

Kærði Þorbjörn Albert Guðmundur Þorbjörnsson skal teljast faðir meybarns þess, er kærandi Guðrún Valdimarsdóttir ól hinn 10. maí 1947, enda greiði hann meðlag með því, barnsfararkostnað og styrk fyrir og eftir barnsburð eftir yfirvaldsúrskurði og kr. 200.00 í málskostnað til kæranda.

Dómi þessum skal fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.